

Samkvæmt 26. grein laga nr. 47/1971 skal athugasemdum við þessa friðlýsingu komið á framfæri við Náttúruverndarráð eigi síðar en 8 vikum frá birtingu þessarar auglýsingar.

Fyrir hönd Náttúruverndarráðs,

Eysteinn Jónsson,
formaður.

Árni Reynisson,
frankvæmdastjóri.

12. mars, 1974.

Nr. 186.

AUGLÝSING

um friðland á Ingólfshöfða.

Náttúruverndarráð hefur fyrir sitt leyti samþykkt stofnun friðlands á Ingólfs-
höfða í Austur-Skaftafellssýslu og tjáð ráðuneytinu, að eigendur og rétthafar til þessa
lands hafi lýst því yfir, að þeir séu samþykkir friðlýsingunni og muni engar
bótakröfur gera vegna hennar.

Ráðuneytið er samþykkt ákvörðun Náttúruverndarráðs og með skírskotun til
laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, tekur friðlýsing fólkvangsins gildi við birtingu
þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Reglur um friðlýsingu þessa eru í með-
fylgjandi fylgiskjali.

Í menntamálaráðuneytinu, 12. mars 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Fylgiskjal.

Auglýsing frá Náttúruverndarráði um friðland á Ingólfshöfða.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúru-
verndarráð ákveðið að friðlýsa Ingólfshöfða í Austur-Skaftafellssýslu og er svæðið
friðland.

Mörk friðlandsins mynda ferhyrning um línur, sem hugast dregnar í 100 metra
fjarlægð út frá ystu klettasnösnum höfðans.

Um svæðið gilda þessar reglur:

1. Hefðbundnar nýttjar bænda á Hofi og Svínafelli III í Hofshreppi fá að haldast á
svæðinu með samkomulagi við Náttúruverndarráð. Sama gildir um hefðbundnar
nýttjar Hofsness af fjöru vestan höfðans og ósi, sem falla kann um svæðið.
2. Að öðru leyti má þar hvorki skerða gróður, skaða eða trufla dýralíf né gera
jarðrask.
3. Mannvirkjum, sem nú eru á höfðanum skal við haldið í samráði við Náttúru-
verndarráð.
4. Gangandi fólki er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi, en leyfi þarf þar til
næturdvalar. Heimil er för á hestum um höfðann, og slutt áning þar, en óheimilt
er að halda þeim þar til beitar. Allur akstur er bannaður í höfðanum án sér-
staks leyfis og stranglega er þar bönnuð meðferð skotvopna.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer að ákvæðum náttúruverndar-
laga.

